

Katrín Oddsdóttir - HI

Til : Heiðrún Pálsdóttir
Frá : Katrín Oddsdóttir - HI
CC : Þorvaldur Gylfason - HI ; Sigurdur Sigurdsson ; Rúnar Björn Þorkelsson ; Birgir Ármannsson; Ragna Árnadóttir
Heiti : Beiðni Katrínar Oddsdóttur um að fá afhentan fund kæranda með nefndinni
Málsnúmer. : 2110006
Málsaðili : Alþingi
Skráð dags : 4.11.2021
Skráningaraðili : Katrín Oddsdóttir

Viðhengi[image001.png](#)[image002.png](#)[image003.png](#)

Sæl á ný kæra Heiðrún,

Í ljósi þess að ekki var fallist á að setja upptöku af fundi nefndarinnar að morgni 25. október sl. á vef Alþingis, er hér með óskað eftir því að upptakan verði send undirritaðri svo við, kærundur sem mættum á fundinn, getum sjálf gert hana opinbera.

Sé ekki unnt að verða við þessari beiðni er óskað eftir rökstuðningi fyrir slíkri afstöðu.

Er beiðni þessi send með vitund og vilja Þorvaldar Gylfasonar, Sigurðar Hr. Sigurðssonar og Rúnars Björns Herrera Þorkelssonar sem voru jafnframt gestir fundarins og hafa óskað eftir að upptaka hans verði gerð opinber. (Þeir eru hér í cc til staðfestingar gerist þess þörf).

Afrit af beiðni þessari er jafnframt sent Birgi Ármannssyni nefndarformanni sem og Rögnu Árnadóttur skrifstofustjóra Alþingis.

Óskað er eftir að afstaða til þessarar beiðni verði tekin svo fljótt sem unnt er.

Vinsamlegast staðfestu móttöku póstsins.

Virðingarfyllt,

Katrín Oddsdóttir

From: Heiðrún Pálsdóttir
Sent: 04 November 2021 14:38
To: Katrín Oddsdóttir - HI
Subject: 2110164 - Gögn frá Alþingi

Sæl Katrín

Í viðhengjum er að finna bréf til þín frá skrifstofustjóra Alþingis og fylgigögn.

Vinsamlegast staðfestu móttöku þessa tölvupósts og frumrit verður sent til þín í pósti.

Bestu kveðjur,

Heiðrún Pálsdóttir
ritari forseta Alþingis
Kirkjustræti 8b, 101 Reykjavík
 8677498
 5630925
 heidrunp@althingi.is

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stilaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)